

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 25. janúar 2024

Mál nr. E-2514/2023:

**A**

(Steingrímur Þormóðsson lögmaður)

**gegn**

**Sjóvá-Almennum tryggingum hf.**

(Kristín Edwald lögmaður)

## Dómur

### Málsmeðferð, aðild og dómkröfur aðila

- Málið var höfðað 20. mars 2023. Sakarefni málsins var skipt á grundvelli heimildar 1. mgr. 31. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála á þann hátt að fyrst yrði dæmt um hvort krafa stefnanda væri fyrnd. Sá hluti málsins var fluttur munnlega 8. desember 2023 og tekinn til dóms að því loknu. Gætt var að ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.
- Stefnandi er A, [...]. Stefndi er Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Kringlunni 5 í Reykjavík.
- Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði með dómi skaðabótaskylda stefnda vegna þess líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir í umferðarslysi [...]. apríl 2013. Þá gerir stefnandi kröfu um málskostnað úr hendi stefnda.
- Stefndi krefst þess að verða sýknaður af kröfu stefnanda og að stefnandi verði dæmd til að greiða stefnda málskostnað.

### Helstu málsatvik

- Stefnandi slasaðist [...]. apríl 2013 er hún ók vélsleða. Hún leitaði til læknis degi síðar og aftur [...]. sama mánaðar vegna verkja vinstra megin í hálsi sem hún rakti til slyssins. Í samskiptaseðli heilsugæslu frá [...]. apríl 2013 kemur fram að stefnandi hafi verið að prófa snjósleða nálægt skíðasvæði við [...] daginn áður. Hún hafi lent í lítilli rás eða skurði og kastast fram á stýrið og fengið högg undir höku. Hún hafi verið með hjálm og hafi fundið fyrir sjóntruflunum og ógleði þegar hún tók af sér hjálminn og þurft að leggja sig út af í bíl. Hún hafi haft samband símleiðis að kvöldi slysdagsins og fengið ráð en komið í skoðun um hádegi daginn eftir. Lýst er einkennum í hálsi. Fram kemur að læknirinn hafi hvatt stefnanda til að tilkynna slysið til tryggingafélags sleðans og boðist til að skrifa vottorð síðar ef þess yrði óskað. Í samskiptaseðlum heilsugæslunnar frá því

degi síðar, [...] apríl 2013, kemur m.a. fram að tekin hafi verið röntgenmynd af háls hrygg en ekki hafi greinst brot eða önnur áverkamerki.

6. Í lögregluskýrslu, dags. 2. september 2013, kemur fram að stefnandi hafi komið á lögreglustöðina þann dag til að gefa skýrslu vegna slyssins. Haft er eftir stefnanda að hún hafi ekið sleðanum upp [...] og verið búin að aka honum nokkra metra þegar hún hafi farið fram af litlum hól. Við það hafi hún fengið hnykk á sig og lent „með hökuna, eða réttara sagt hjálminn,“ á stýri sleðans. Hún hafi haldið akstrinum áfram upp fjallið og til baka aftur en þegar hún hafi tekið hjálminn af höfðinu hafi hana svimað og hún verið aum í öxl og hálsi. Haft er eftir stefnanda að hún finni enn til í öxlinni vinstra megin þegar hún sé við vinnu. Einnig er haft eftir henni að hún hafi rætt við fólk hjá tryggingafélagi sleðans, Sjóvá, og fengið þar fyrirmæli um að tilkynna slysið til lögreglu. Þess vegna segist hún vera komin á lögreglustöðina. Í skýrslunni er staðhæft að slysið hafi átt sér stað [...] apríl 2013.
7. Stefnandi leitaði til heilsugæslu 8. apríl 2016 vegna verkja vinstra megin í hálsi sem hún hafði verið með í nokkurn tíma. Þá leitaði hún til læknis 10. maí 2016 og lýsti þá einkennum vinstra megin á hálsi og á öxl vinstra megin sem leiddi upp í hnakka. Enn fremur leitaði hún til læknis í júní 2017 vegna verkja vinstra megin í höfði og dofaverk út í vinstri hönd og leiðniverk um höfuð. Í framhaldinu leitaði stefnandi áfram til lækna út af höfuðverk og síðar vegna verkja í vinstri öxl.
8. Í samskiptaseðli læknis á heilsugæslu, dags. 16. ágúst 2017, er haft eftir sjúkraþjálfara að hann hafi verið með stefnanda í meðferð undanfarið en verið „nánast kominn í þrot“ með hana og bent henni á að bera undir lækni myndatöku af öxl þar sem ekkert nýtt hafi komið út úr myndum af höfði og hálsi. Fram kemur að verkir í hálsi vegna slyss stefnanda virðist vera svolítið álagstengdir. Einnig er lýst einkennum frá vinstri öxl.
9. Hinn 19. apríl 2018 slasaðist stefnandi á [...]æfingu þar sem hún fékk högg á höfuð og á vinstri öxl.
10. Hinn 26. ágúst 2019 var send tilvísun til bæklunarlæknis vegna stefnanda. Fram kemur í tilvísuninni að stefnandi hafi verið slæm af verkjum síðan hún varð fyrir slysinu 2013, sérstaklega síðastliðin tvö ár. Haft er eftir stefnanda að hún finni ekki mikinn mun á sér þrátt fyrir sjúkraþjálfun. Hún sé enn mjög verkjuð í öxlinni, eigi erfitt með hreyfingar upp yfir höfuð og finni í auknum mæli fyrir leiðniverk niður með vinstri handleggnum. Henni finnist hún skynja uppgjöf hjá sjúkraþjálfara og kírópraktor.
11. Í læknaþréfi hans, dags. 22. október 2019, kemur fram að stefnandi hafi verið greind með *impingment syndrome of shoulder* og aðgerð hafi verið ráðlögð. Stefnandi hafi verið slæm í vinstri öxl í nokkur ár og reki það til vélsleðaslyssins. Hún hafi alls ekki verið verkjuð fyrsta árið, þannig að tengslin séu nokkuð óljós. Hún hafi verið slæm síðustu

árin. Fram kemur að lækurinn hafi útskýrt fyrir stefnanda að litlar líkur væru á að þetta lagaðist af sjálfu sér. Aðgerðin var gerð 14. nóvember 2019.

12. Hinn 8. apríl 2020 barst stefnda umboð frá lögmanni ásamt gögnum vegna þess slyss stefnanda sem málið lýtur að. Stefndi hafnaði bótaskyldu með tölvupósti 12. maí 2020 með vísan til þess að orsakatengsl á milli slyssins og einkenna stefnanda væru ósönnuð. Jafnframt kom fram að jafnvel þótt orsakatengsl teldust vera fyrir hendi væri tilkynningarfrestur samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga liðinn. Þá væri einnig hugsanlegt að málið teldist fyrnt, miðað við fjögurra ára fyrningartíma, sbr. 125. gr. sömu laga.
13. Í læknisvottorði, dags. 16. maí 2020, er einkennum stefnanda eftir slysið lýst. Fram kemur að miðað við að komin séu sjö ár frá áverka, og einnig það að þekkt sé að ef það teygist á liðböndum í hálsi séu oft varanleg einkenni í framhaldi af því eða veikleiki, megi reikna með að hún muni finna fyrir þessu til framtíðar.
14. Stefnandi skaut málinu til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 15. maí 2020. Hinn 1. september 2020 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að stefnandi ætti ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns vélsleðans hjá stefnda.
15. Stefnandi óskaði 1. febrúar 2022 einhliða eftir mati á afleiðingum slyssins sem stefnandi varð fyrir [...]. apríl 2013. Í matsgerð B læknis, dags. 19. maí 2022, er lýst þeirri niðurstöðu matsmannsins að hvorki hafi verið um tímabundið atvinnutjón né þjáningatímabil að ræða hjá stefnanda. Stöðugleikapunktur teljist vera þremur mánuðum eftir slys. Ekki er að finna í matsgerðinni rökstuðning fyrir því að miða stöðugleikapunktinn við það tímamark. Í því sambandi er nefnd dagsetningin 2. júlí 2013 en ranglega er tilgreint í matsgerðinni að slysið hafi átt sér stað 2. apríl sama ár. Matsmaðurinn komst að þeirri niðurstöðu að varanlegur miski stefnanda væri 15 stig og varanleg örorka 10%.

#### **Helstu málsástæður stefnanda hvað fyrningu varðar**

16. Stefnandi reisir dómkröfu sína á því að hún hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni í umferðarslysinu [...]. apríl 2013. Það hafi verið staðfest með skoðun lækna strax eftir slysið og síðar læknisvottorði heimilislæknis og vandaðri matsgerð bæklunarlæknis, sem hafi ekki verið hnekkt.
17. Stefnandi byggir á 92. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Stefnandi hafi verið ökumaður vélsleðans sem hafi verið ábyrgðartryggður hjá stefnda.
18. Stefnandi byggir einnig á því að hún hafi ekki gert sér grein fyrir afleiðingum slyssins fyrr en í apríl 2016 þegar hún leitaði á ný til lækni vegna afleiðinga þess. Þá hafi hún fyrst getað gert sér grein fyrir því að um varanlega áverka væri að ræða, sbr. það ferli

sem þá tók við og endaði með aðgerð hjá bæklunarlækni árið 2019. Stefnandi byggir á því að upphaf fyrningarfrests samkvæmt 99. gr. eldri umferðarlaga nr. 50/1987 hafi því verið í árslok 2016 en frá þeim tíma og þar til stefnandi leitaði úrskurðar úrskurðarnefndar í váttryggingamálum hafi ekki verið liðin fjögur ár.

19. Hvað varðar frest til að tilkynna um váttryggingaratburðinn byggir stefnandi á því með vísan til 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga að miða verði við það tímamark þegar tjónþoli fær raunverulega vitneskju um afleiðingar viðkomandi slyss, sbr. einnig dóma Hæstaréttar í málum nr. 378/2009, 536/2008 og 661/2007.
20. Með síðastnefnda dómnum hafi Hæstiréttur horfið frá því að miða bæri við stöðugleikatímapunkt/stöðugleikadag/batahvörf sem upphafstíma fyrningarfrests, eins og rétturinn hafði áður gert í allmörgum dómum með takmörkuðum rökstuðningi. Þannig komi fram sú stefna réttarins að ekki sé lengur miðað við huglæga afstöðu tjónþola heldur mat sérfræðinga í læknisfræði sem sé byggt á skoðun viðkomandi sérfræðinga á afleiðingum slysa. Enn fremur bendir stefnandi á dóm Hæstaréttar í máli nr. 319/2014 og byggir á því að í þeim dómi sé lagt til grundvallar að bæði skilyrði 99. gr. eldri umferðarlaga þurfi að vera fyrir hendi til að fyrning kröfu hefjist. Ekki sé við hæfi að miða við stöðugleikatímapunkt. Hæstiréttur hafi enn fremur komist að svipaðri niðurstöðu í máli nr. 418/2008. Þá telur stefnandi að atvikin sem fjallað var um í dómi Hæstaréttar í máli nr. 536/2008 séu verulega áþekk atvikum þessa máls.
21. Í úrskurði úrskurðarnefndar í váttryggingamálum sé ekki tekið undir þær málsástæður sem stefndi byggði á í málinu með vísan til 1. mgr. 124. gr. og 125. gr. laga nr. 30/2004, þess efnis að jafnvel þótt orsakasamband væri sannað væri krafan of seint fram komin og bótaréttur fallinn niður, einnig vegna fjögurra ára fyrningarfrests, sbr. 125. gr. Niðurstaða úrskurðarins hafi hins vegar verið sú að orsakasamband væri ekki sannað, þ.e. hvort einkenni stefnanda yrðu rakin til vélsleðaslyssins [...]. apríl 2013, þar sem sérfræðimat um það lægi ekki fyrir og þau læknisfræðilegu gögn sem lágu fyrir hefðu ekki verið nægilega glögg um þessi atriði. Stefnandi bendir í þessu sambandi á að hún hafi í kjölfar úrskurðarins aflað sér sérfræðimatsgerðar.
22. Stefnandi byggir á því að samkvæmt 2. málslíð 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fyrnist krafa um bætur fyrir líkamstjón á 10 árum. Um það vísar stefnandi einnig til síðari málslíðar 99. gr. eldri umferðarlaga nr. 50/1987. Einnig vísar stefnandi til 16. gr. laga nr. 150/2007, eftir því sem við á, og þess að úrskurðarnefndin fallist greinilega ekki á röksemdir stefnda um að krafan sé fyrnd eða hafi orðið tómlæti að bráð.
23. Enn fremur byggir stefnandi dómkröfu sína á 2. mgr. 23. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar er tekið hafi gildi 1. janúar 2020 en þar sé kveðið á um 10 ára

fyrningarfrest í öllum tilvikum, þegar um líkamstjón sé að ræða. Það sé í samræmi við efni fyrningarlaga, þ.e. að fjögurra ára fyrningarfrestur eigi ekki lengur við um kröfur vegna líkamstjóns. Stefnandi byggir á því að frá þeim degi þegar umrædd lög tóku gildi falli krafa hennar undir tilvitnað ákvæði 2. mgr. 23. gr. þeirra, enda sé litið svo á að ef fyrningarfrestur er lengdur með lögum verði þeim lögum beitt um fyrningu sem er hafin en hefur ekki lokið í tíð eldri laga. Þessi nýja fyrningarregla laga nr. 30/2019 hafi verið sett vegna mismunandi niðurstaðna Hæstaréttar í málum varðandi upphafstíma fyrningarfrests samkvæmt 99. gr. eldri umferðarlaga. Í þessu sambandi bendir stefnandi einnig á sjónarmið um að ívilnandi lagaákvæði séu látin gilda aftur fyrir gildistöku þeirra, t.d. ef um bótakröfu er að ræða, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar í máli nr. 234/2003. Löggjafarviljinn sé skýr.

24. Einnig vísar stefnandi til 125. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og þess að höfuðstóll miskabótakröfunnar sé samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 4.000.000 króna og hækki samkvæmt vísitölu. Þá vísar stefnandi sérstaklega til skýringa með 125. gr. í frumvarpi til laga nr. 30/2004, sem styðji þá ályktun að 125. gr. laga um váttryggingarsamninga sé grundvölluð á svipaðan máta og 9. gr. fyrningarlaga.

#### **Helstu málsástæður stefnda hvað fyrningu varðar**

25. Stefndi byggir á því að bótakrafa stefnanda sem rekja megi til umferðarslyssins [...]. apríl 2013 hafi verið fyrnd þegar mál um hana var höfðað með birtingu stefnu 20. mars 2023. Ótvírætt sé að bótakrafa stefnanda á hendur stefnda sé reist á XIII. kafla þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 en samkvæmt 99. gr. laganna fyrnist allar bótakröfur samkvæmt þeim kafla á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar.
26. Þá vísar stefndi til fjögurra ára fyrningarreglu 1. mgr. 125. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Samkvæmt ákvæðinu fyrnist krafa um váttryggingarfjárhæð samkvæmt höfuðstólstryggingu á tíu árum en aðrar kröfur um bætur á fjórum árum. Um höfuðstólstryggingu sé kveðið á í 8. tölulið 2. gr. sömu laga en þar sé hún skilgreind sem: *Váttrygging þar sem félagið skal greiða tiltekna fjárhæð sem þó getur verið skipt niður á fleiri ein einn gjalddaga.* Slíkar tryggingar séu yfirleitt líftryggingar en í því máli sem hér um ræðir sé gerð krafa í slysatryggingu. Ljóst sé að sú trygging sé ekki höfuðstólstrygging og því sé fyrningarfrestur fjögur ár.
27. Stefndi byggir á því að krafa stefnanda hafi verið löngu fyrnd þegar stefnandi höfðaði mál um hana. Stefndi vísar í því samhengi til þeirrar matsgerðar, dags. 19. maí 2022, frá B lækni, sem hafi verið einhliða aflað af stefnanda. Þar segi að stöðugleikapunktur teljist vera þremur mánuðum eftir slysið eða 2. júlí 2013. Samkvæmt því hafi fyrningarfrestur á kröfu stefnanda byrjað að líða 1. janúar 2014 og krafan hafi því verið fyrnd 1. janúar

2018. Í ljósi niðurstöðu matsgerðarinnar, sem stefnandi hafi aflað einhliða, beri stefnandi sönnunarbyrðina um að stöðuleikapunktur stefnanda vegna slyssins [...]. apríl 2013 hafi verið síðar en þar greini og jafnframt um það hvenær stöðugleikapunktur teljist hafa verið.

28. Samkvæmt dómvæntu beri að beita hlutlægum mælikvarða á það hvenær tjónþoli hafi mátt gera sér grein fyrir kröfu sinni og getað leitað fullnustu hennar. Stefndi telur að horfa þurfi til þess hvenær tjónþola var fyrst gefinn kostur á því að hefjast handa, óháð því hvað hann hafi gert. Ef önnur viðmiðun væri fyrir hendi gæti tjónþolinn sjálfur ráðið því hvenær fyrningarfresturinn byrjaði að líða og þar með dregið það árum saman án ástæðu að leita til læknis eða sérfræðings til þess að staðreyna afleiðingar slyss, án þess að það hefði áhrif á upphaf fyrningarfrests.
29. Við mat á því hvort vitneskja sé til staðar beri að horfa til þess hvort tjónþoli hafi vitað að einhverjar afleiðingar hafi orðið af slysi. Því beri að líta til lögregluskýrslunnar, sem dagsett sé 2. september 2013. Þar komi fram að stefnandi hafi mætt á lögreglustöðina að eigin frumkvæði til þess að gefa skýrslu vegna slyssins. Þar hafi hún sagst hafa ekið vélsleðanum fram af litlum hól og hún hafi fengið hnykk á sig og lent með hökuna, eða réttara sagt hjálminn, á stýri sleðans. Er hún hafi tekið hjálminn af höfðinu hafi hana svimað og hún verið aum í öxlinni og hálsinum. Svo segi orðrätt: *Mætta segist enn finna til í öxlinni vinstra megin þegar hún sé við vinnu. Hún segist hafa rætt við fólk hjá tryggingafélagi sleðans Sjóvá og fengið þar fyrirmæli um að tilkynna slysið til lögreglu og þess vegna segist hún vera komin á lögreglustöðina.* Með hliðsjón af framangreindu megi því glögglega sjá að um 5 mánuðum eftir slysið hafi stefnandi haft þá vitneskju sem þurft hafi í skilningi 99. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 og 125. gr. laga nr. 30/2004.
30. Í þessu samhengi vísar stefndi til athugasemda stefnanda við málsástæður stefnda fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum frá 15. júlí 2020. Þar segi að einkenni hennar hafi verið stöðug til ársins 2016 en síðan hafi þau versnað verulega í byrjun árs 2016, febrúar/mars til apríl. Framangreint renni stöðum undir það að stefnandi hafi haft vitneskju um kröfu sína og átt þess kost á að leita fullnustu hennar frá árinu 2013.
31. Næsta skráða koma stefnanda til læknis vegna einkenna frá hálsi hafi verið 8. apríl 2016. Þar segi orðrätt: *einkenni vinstra megin frá hálsi í nokkurn tíma.* Þá beri einnig að líta til nótu læknis frá sjúkrahúsinu á Akureyri, dags. 24. ágúst 2017, en þar segi orðrätt: *Hún lenti í slysi fyrir nokkrum árum á við öxl. Er búin að vera með verki og hreyfiskerðingu síðan. Hefur verið í sjúkraþjálfun og lítið gengið þar og nær illa meira en 90 gráðu flexion upp og fram. Einkenni benda einnig til bólguprócess.*

32. Í tilvísun til C, dags. 26. ágúst 2019, komi jafnframt fram að stefnandi sé [...] ára kona sem hafi lent í snjósleðaslysi fyrir sex árum og skolið með hökuna á stýrið. Hún hafi í kjölfarið fengið hnykk aftan á háls og niður með öxl vinstra megin. Hún hafi verið slæm af verkjum síðan en sérstaklega síðastliðin tvö ár.
33. Gögn þau sem stefnandi hafi lagt fram sýni ekki fram á annað en að ástand hennar hafi verið orðið stöðugt stuttu eftir slysið. Stefnandi, sem beri sönnunarbyrði um tjón sitt, orsök þess og umfang, verði að bera hallann af þeim vafa sem nú kunni að leika á um hvenær ástand hennar hafi orðið stöðugt. Tómlæti stefnanda sjálfrar hafi valdið þeim vafa. Ljóst sé að stefnandi hafi verið með viðvarandi einkenni frá hálsi og öxl frá slyssdegi og áfram þar til aflað hafi verið matsgerðar á varanlegum afleiðingum slyssins. Stefndi telur ekkert benda til þess að nauðsynlegt hafi verið að draga svo mjög að leita læknis og staðreyna varanlegar afleiðingar umrædds slyss.
34. Af hálfu stefnda er á því byggt að stefnandi hafi haft vitneskju um tilvist meintrar kröfu sinnar og hafi átt þess kost að leita fullnustu hennar þegar um áramótin 2014/2015 enda taki það almennt innan við eitt ár fyrir afleiðingar slysa af þessu tagi að koma fram og stöðugleikapunktur að nást. Stefnandi hafi ekki bent á nokkuð haldbært sem hafi staðið því í vegi að hún gæti hafist handa við að láta meta í heild sinni það tjón sem hún telji að megi rekja til slyssins 2013 og leitað fullnustu bótakröfu sinnar frá þessu tímamarki. Fjögurra ára fyrningarfræstur samkvæmt 99. gr. umferðarlaga hafi því í síðasta lagi byrjað að líða við árslok 2014 og runnið út í árslok 2018. Ekki hafi verið gerð tilraun til þess að rjúfa fyrningu fyrr en á árinu 2020.
35. Þegar öll fyrirliggjandi læknisfræðileg gögn málsins séu skoðuð sé ljóst að umkvartanir stefnanda um líkamleg einkenni séu í meginatriðum þær sömu allt frá því að kvartanir hafi fyrst komið fram og þar til matið fór fram árið 2021. Stefnandi hefði því að mati stefnda getað hafist handa miklu fyrr við að staðreyna tjón sitt, enda hafi henni borið að gera það um leið og skilyrði hafi verið til þess, eins og dómaframkvæmd og fræðiskrif beri með sér.
36. Stefndi geti ekki borið hallann af meintri villu stefnanda um möguleika sína á að leita fullnustu kröfunnar. Matið á því hvenær stefnanda hafi verið mögulegt að leita fullnustu kröfu sinnar sé í senn almennt og hlutlægt og miða beri við stöðugleikatímamark í því sambandi. Önnur nálgun græfi að áliti stefnda stórlega undan því réttaröryggi sem skuldurum sé búið með skýrum og fyrirsjáanlegum fyrningarreglum en auk þess eigi reglurnar að vera kröfuhöfum hvatning til að gæta réttar síns.
37. Stefndi mótmælir því jafnframt að 2. mgr. 23. gr. laga nr. 30/2019 eigi við um kröfu stefnanda. Fyrningarfræsturinn hafi runnið út í árslok 2018, sbr. 99. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 og 125. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, og því

verði lögum nr. 30/2019 um ökutækjategyggingar ekki beitt um fyrningu á kröfu stefnanda.

38. Með hliðsjón af framangreindu verði að miða við að stefnanda hafi mátt vera ljóst eigi síðar en árið 2013 að hún hefði hlotið varanlegt líkamstjón við slysið. Læknisvottorð bendi til þess að ástand stefnanda hafi verið svipað allt frá slysinu og ekki hafi verið að vænta sérstakra breytinga þar á. Aðgerðaleysi stefnanda tengt óbreyttu heilsufari hennar bendi til þess að henni hafi mátt vera kunnugt um kröfu sína en látið hjá líða að leita fullnustu hennar. Með hliðsjón af því beri að miða við að fyrningarfrestur samkvæmt 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 hafi byrjað að líða um áramótin 2014/2015 og hafi þannig verið liðinn í árslok 2018. Af þeim sökum beri að sýkna stefnda af kröfu stefnanda.

### **Forsendur og niðurstöður**

39. Sá hluti málsins sem hér er til úrlausnar varðar ágreining um það eitt hvort krafa stefnanda á hendur stefnda sé fyrnd, hafi krafan á annað borð stofnast. Um er að ræða ætlaða kröfu um bætur fyrir líkamstjón sem stefnandi byggir á að hún hafi orðið fyrir vegna vélsleðaslyss [...]. apríl 2013. Á þeim tíma giltu eldri umferðarlög nr. 50/1987. Samkvæmt 1. mgr. 92. gr. þeirra, sbr. 91. gr., skyldi hver ökumaður sem stjórnaði skráningarskyldu vélknúnu ökutæki tryggður sérstakri slysategyggingu. Ljóst er að vélsleðar töldust til vélknúinna ökutækja í skilningi laganna, sbr. orðskýringar í 2. gr. þeirra. Óumdeilt er í málinu að slysategygging ökumanns hjá stefnda tók til stefnanda við akstur vélsleðans í umrætt sinn.
40. Í 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 voru ákvæði um fyrningu bótakrafna. Þar var kveðið á um að allar bótakröfur samkvæmt þessum kafla laganna (þ.e. XIII. kafla), bæði á hendur þeim sem ábyrgð bæri og váttryggingafélagi, svo og endurkröfur váttryggingafélags, fyrndust á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fyrndust þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði. Krafa stefnanda er reist á XIII. kafla laga nr. 50/1987 sem vísað er til í 99. gr. þeirra, enda er áður tilvitnuð 92. gr. í þeim kafla.
41. Þegar stefnandi varð fyrir slysinu giltu einnig, og gilda enn, lög nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Í 1. mgr. 9. gr. þeirra kemur fram að krafa um skaðabætur vegna líkamstjóns fyrnist þó á tíu árum. Ákvæði 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 tóku sérstaklega til bótakrafna samkvæmt XIII. kafla laganna en ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 taka almennt til krafna um skaðabætur vegna líkamstjóns. Umrædd ákvæði fyrrnefndu laganna fólu því í sér sérreglur sem ganga frammar almennum reglum þeirra síðarnefndu samkvæmt þeirri lögskýringarreglu að reglur sérлага gangi frammar almennum reglum (*lex specialis*).

42. Enn fremur giltu þegar slysið varð, og gilda enn, lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Í 125. gr. þeirra eru reglur um fyrningu. Fram kemur í 1. mgr. að krafa um váttryggingarfjárhæð samkvæmt höfuðstólstryggingu fyrnist á tíu árum og aðrar kröfur um bætur á fjórum árum. Fresturinn hefjist við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um atvik sem krafa hans er reist á. Að virtri hugtaksskilgreiningu 8. töluliðar 2. gr. laganna er ljóst að slysatrygging ökumanns hjá stefnda telst ekki til höfuðstólstryggingar. Því getur tíu ára fyrningarfrestur samkvæmt 1. mgr. 125. gr. laganna ekki átt við um kröfuna. Þá voru í reglum 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sérákvæði um fyrningu bótakrafna vegna tjóns af völdum skráningarskyldra vélknúinna ökutækja en reglur 125. gr. laga nr. 30/2004 eiga við um fyrningu krafna sem rísa af váttryggingarsamningi. Þar sem krafa stefnanda byggist á því að hún hafi orðið fyrir slysi við notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis er það regla 99. gr. laga nr. 50/1987 sem á við um kröfuna, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 14. september 2006 í máli nr. 58/2006.
43. Lög nr. 30/2019 um ökutækjetryggingar tóku gildi 1. janúar 2020. Í 23. gr. þeirra eru ákvæði um fyrningu bótakrafna sem leystu af hólmi reglur eldri umferðarlaga nr. 50/1987 þar að lútandi. Í 2. mgr. 23. gr. laga nr. 30/2019 segir að kröfur um bætur fyrir líkamstjón fyrnist á tíu árum frá tjónsatburði. Í skýringum með 23. gr. í greinargerð með frumvarpi til laganna segir að lagt sé til að fjögurra ára fresturinn gildi ekki um kröfur um bætur vegna líkamstjóns heldur að um þær kröfur gildi alfarið tíu ára fyrningarfrestur sem hefjist þegar tjónsatburður verði. Rökin fyrir tillögu um breytingu á fyrningarreglum snúi einkum að eðli líkamstjónsmála og óvissu hvað varðar mat á upphafi fjögurra ára fyrningarfrests í þeim málum. Undanfarið hafi málum fjölgað fyrir dómstólum þar sem deilt sé um upphaf þessa frests. Síðan segir að ekki virðist hafa verið fullt samræmi í niðurstöðum dóma hvað þetta álitæfni varðar í einstökum málum. Því megi telja að nokkur réttaróvissa ríki á þessu sviði, sem sé mjög óheppilegt. Með því að miða upphaf fyrningarfrests við tjónsatburð sé þessari óvissu eytt. Enn fremur kemur fram að eðlilegt þyki að sami greinarmunur og gerður sé í lögum nr. 150/2007 sé gerður á fyrningu krafna vegna líkamstjóns og annarra bótakrafna í frumvarpinu.
44. Að mati dómsins verður að ganga út frá því að reglur eldri laga gildi um tjónsatvik sem urðu fyrir gildistöku laga nr. 30/2019, 1. janúar 2020, og regla 2. mgr. 23. gr. laganna um 10 ára fyrningartíma krafna um bætur vegna líkamstjóns gildi því ekki um kröfu stefnanda, a.m.k. ef talið verður að krafan hafi þegar verið fyrnd þegar lög nr. 30/2019 tóku gildi.
45. Af framangreindu leiðir að þegar stefnandi varð fyrir slysinu [...]. apríl 2013 og til 1. janúar 2020 gilti um kröfu hennar regla 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um fyrningu

krafna á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs þegar kröfuhafi fékk fyrst vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar.

46. Á grundvelli 2. mgr. 16. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda var unnt að slíta fyrningu kröfu stefnanda með málskoti til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Stefnandi gerði það 15. maí 2020. Álitaefti málsins lýtur samkvæmt framansögðu að því hvort krafa stefnanda hafi þá þegar verið fyrnd.
47. Við mat á því hvort krafa hafi orðið fyrningu að bráð á grundvelli 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 hefur að meginstefnu verið miðað við það í réttarframkvæmd að tímabært sé að hefjast handa um mat á varanlegum afleiðingum slyss í framhaldi af því að heilsufar tjónþola verður stöðugt í skilningi skaðabótalaga nr. 50/1993. Tjónþola er síðan játað nokkurt svigrúm til þess að ljúka því áður en fyrningarfrestur hefst. Að því leyti hefur umrætt tímamark haft þýðingu við mat á því hvenær fyrningarfrestur hafi byrjað að líða. Í því sambandi má sem dæmi nefna dóm Hæstaréttar frá 6. mars 2008 í máli nr. 353/2007. Þrátt fyrir það er ekki fyrirvaralaust hægt að ganga út frá því að upphaf fyrningarfrests ráðist af því hvenær heilsufar þjónþola varð stöðugt, enda um afturvirkkt lækisfræðilegt mat að ræða, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 7. júní 2018 í máli nr. 631/2017. Svo kann að háttá til að réttara þyki að miða við það tímamark þegar tjónþoli leitaði fyrst lækis eða þegar vottorð lækis eða aðrar upplýsingar lágu fyrir og gáfu til kynna að frekari bata væri ekki að vænta. Enn fremur hefur stundum verið litið til þess hvort einkenni tjónþola séu síðbúin, hvort önnur slys, sjúkdómar eða atvik eftir slys hafi komið til og hvenær örorkumat hefur legið fyrir.
48. Í málinu liggur fyrir matsgerð lækis, dags. 19. maí 2022, þar sem lýst er þeirri niðurstöðu að stöðugleikatímapunktur teljist vera þremur mánuðum eftir slys stefnanda, þ.e. það tímamark þegar heilsufar hennar telst hafa verið orðið stöðugt. Í því sambandi er nefnd dagsetningin 2. júlí 2013 en ljóst er að í matsgerðinni er ranglega við það miðað að slys stefnanda hafi orðið 2. apríl sama ár. Þar sem slysið varð [...] þess mánaðar verður að skilja niðurstöðuna þannig að matsmaðurinn telji í reynd stöðugleikatímapunktinn hafa verið [...] júlí 2013. Af niðurstöðunni verður ekki annað ráðið en að þá hafi verið tímabært að hefjast handa um að meta varanlegar afleiðingar slyss stefnanda, enda var ekki leitað sérstaklega mats á því hvenær það hefði verið tímabært.
49. Á hinn bóginn liggja einnig fyrir gögn sem benda til þess að einkenni stefnanda hafi versnað eftir umrætt tímamark. Þannig segir í tilvísun til bæklunarlækis, dags. 26. ágúst 2019, að stefnandi hafi verið sérstaklega slæm af verkjum vegna slyssins síðastliðin tvö ár. Þá segir í læknaþréfi, dags. 22. október 2019, að hún hafi alls ekki verið verkjuð fyrsta árið eftir slysið en verið slæm síðustu árin. Þá verður ráðið af lækisvottorðinu, dags. 16. maí 2020, að lækirinn sem það ritaði telji þá staðreynd að sjö ár voru liðin frá

áverkanum hafa áhrif á það mat hans að reikna megi með því að stefnandi muni finna fyrir einkennunum til framtíðar.

50. Í matsgerðinni frá 19. maí 2022 er læknabréfið frá 22. október 2019 meðal þeirra gagna sem tilgreint er að hafi legið fyrir við matið. Einnig er þar tilgreind meðal gagna tilvísun, dags. 26. júní 2019. Ekki liggur þó fyrir í málinu tilvísun sem dagsett er þann dag og má, m.a. í ljósi umfjöllunar í matgerðinni, ætla að þar sé átt við tilvísunina sem er dagsett 26. ágúst 2019. Þrátt fyrir fyrrgreindar upplýsingar sem fram koma í umræddum gögnum komst matsmaðurinn sem fyrr segir að þeirri niðurstöðu að stöðugleikatímapunkturinn hefði verið þremur mánuðum eftir slys stefnanda, í júlí 2013. Í ljósi þess og að því virtu sem að framan greinir eru að mati dómsins ekki efni til annars en að líta svo á að stefnandi hafi átt að vera kunnugt um kröfu skömmu eftir mitt ár 2013 og hafi þá getað hafist handa við að leita fullnustu hennar, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 7. júní 2018 í máli nr. 631/2017.
51. Auk framangreinds hefur stefnandi að mati dómsins ekki sýnt fram á að í tengslum við það að hún leitaði aftur til lækna árið 2016 og síðar hafi komið fram upplýsingar eða greiningar sem haft hafi svo afgerandi þýðingu að fremur eigi að miða við þau tímamörk en tímamarkið þegar heilsufar hennar varð stöðugt samkvæmt matsgerðinni. Enn fremur bendir það sem haft er eftir stefnanda í lögregluskýrslu 2. september 2013, þess efnis að hún hafi tilkynnt slysið til lögreglu í framhaldi af fyrirmælum þar um frá starfsfólki stefnda, til þess að hún hafi þá mátt vita að rétt væri að leggja mat á afleiðingar slyssins með tilliti til hugsanlegs bótaréttar. Þegar þessi atvik eru virt í heild verður að mati dómsins að leggja til grundvallar að stefnandi hafi átt þess kost að leita fullnustu kröfu sinnar á almanaksárinu 2014 og krafan hafi því verið fyrnd að liðnum fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, þ.e. 1. janúar 2019, hafi krafan á annað borð stofnast, eins og stefndi byggir á.
52. Að öllu framangreindu virtu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda. Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður.
53. Af hálfu stefnanda flutti málið Steingrímur Þormóðsson lögmaður og af hálfu stefnda Teitur Gissurarson lögmaður.

Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málkostnaður fellur niður.

Þorsteinn Magnússon